

Reglur um meistararitgerð á formi vísindahandrits ásamt ítarlegri fræðilegri umfjöllun

Sömu reglur gilda um útlit og frágang slíkrar meistararitgerðar almennt (kápu, útdrætti, efnisyfirlit o.þ.h.) og í hefðbundinni meistararitgerð, samkvæmt handbók Framhaldsnámsdeildar. Í efnisyfirliti meistararitgerðarinnar skulu fyrirsagnir innan vísindahandritsins koma fram, eins og aðrar fyrirsagnir.

Inngangur og fræðilegur bakgrunnur er ítarleg heimildasamantekt um efnið, samanber lýsingu á kafla 1 í hefðbundinni meistararitgerð. Í lok heimildasamantektarinnar skal víkja að sjálfri rannsókninni, eðli hennar og markmiðum. Í kjölfarið kemur síðan heimildaskrá bakgrunnsins og hér skal fylgt heimildafrágangi APA-kerfisins. Ef handritið sem eftir fer er á íslensku á hinn fræðilegi bakgrunnur einnig að vera það. Ef handritið er á ensku, þá á hinn fræðilegi bakgrunnur að jafnaði að vera á ensku, en má vera á íslensku, ef leiðbeinandi og meistaraniemi komast að sameiginlegri niðurstöðu um að það sé æskilegra.

Fullbúið handrit að vísindagreini er síðari hluti ritgerðarinnar. Það skal ritað samkvæmt leiðbeiningum þess vísindatímarits sem stefnt er að ritrýndri birtingu í. Hér er því víkið frá APA-kerfinu, ef leiðbeiningar tímaritsins krefjast þess. Ef stefnt er að birtingu í alþjóðlegu tímariti þá verður handrit greinarinnar að vera á ensku, annars á íslensku. Meistaraniemiinn skal vera fyrsti höfundur og leiðbeinandi (leiðbeinendur) vera meðhöfundur (meðhöfundar) greinarinnar.

Fylgiskjöl: Sjá leiðbeiningar um fylgiskjöl hefðbundinnar meistararitgerðar í handbók Framhaldsnámsdeildar Heilbrigðisvísindasviðs.

Um skil meistararitgerðar á þessu formi: Handritið verður að senda inn til ritrýni *áður* en ritgerðinni er skilað. Með ritgerðinni þarf að fylgja undirrituð yfirlýsing meistaraniemans um að handritið hafi verið sent inn til ritrýni og til hvaða tímarits. Þessi yfirlýsing skal og vera staðfest með undirritun aðalleiðbeinanda. Einnig skulu fylgja með leiðbeiningar viðkomandi tímarits til höfunda, eða vísun í nettengil leiðbeininganna, til þess að prófdómari geti litið til þeirra við mat sitt á ritgerðinni í heild.

Miðað er við að ritgerðin sé að jafnaði 40 ECTS einingar, en einnig er hægt að skila ritgerð sem metin er til 60 ECTS eininga. Við mat á einingafjölda ber að huga að umfangi rannsóknarinnar fyrst og fremst, en einnig má líta til heildarfjölda vísindalegra heimilda. Ef meta á verkefni til 60 eininga skal aðalleiðbeinandi bera það mat undir umsjónarkennara námskeiðsins um ritun meistaraverkefnis og umsjónarkennarinn sker úr um hvort verkefnið getur talist 60 eininga eður ei.

Samþykkt á 70.deildarfundi framhaldsnámsdeildar 4. desember 2018